

AUGLÝSING

um deiliskipulag fjár- og hesthúsabyggðar í Ægissíðu, Hornafirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, hefur bæjarstjórn Hornafjarðar þann 1. apríl 2004, samþykkt deiliskipulag fjár- og hesthúsabyggðar í Ægissíðu, Höfn, Sveitarfélaginu Hornafirði.

Deiliskipulagið nær til svæðis eftir endilöngum austurjaðri Eystri Ægissíðu og inn að Drápsklettavík.

Deiliskipulagið er unnið af Árna Kjartanssyni og Sigbírni Kjartanssyni, arkitektum hjá Glámu-Kím arkitektum ehf., Laugavegi 164, Reykjavík, og dagsett 12. febrúar 2004.

Deiliskipulagið var kynnt og auglýst með lögformlegum hætti, og bárust engar athugasemdir við það.

Deiliskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar og gerir stofnunin ekki athugasemdir við að það verði auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hornafirði, 12. júlí 2004.

Hákon Valdimarsson byggingarfulltrúi.